

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 31. október 2024.

Mál nr. 107/2024:

Ákærvaldið

(Óli Ingi Ólason saksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

(Sigmundur Guðmundsson lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Lykilorð

Manndráp. Ásetningur. Neyðarvörn. Umferðarlagabrot. Hraðakstur. Akstur sviptur ökurétti. Sýkna.

Útdráttur

X var ákærður fyrir manndráp samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa svipt A lífi með því að stinga hann tvisvar sinnum í vinstri síðu, með þeim afleiðingum að hann hlaut bana af. X neitaði sök og bar fyrir sig að ósannað væri að hann hefði stungið A eða að minnsta kosti hefði hann ekki haft ásetning til þess að stinga hann. Hefði X stungið A hefði það þá gerst óvart í átökum þeirra um hnífinn. Þá bar X fyrir sig neyðarvörn, sbr. 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi héraðsdóms var X sakfelldur samkvæmt ákæru og ekki fallist á að verk ákærða væri refsilaust með vísan til 1. og 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi héraðsdóms var X einnig sakfelldur fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreið sviptur ökurétti og yfir leyfðum hámarkshraða. Í dómi Landsréttar kom fram að ekki yrði annað ráðið en að A hefði átt upptökin að átökum hans og X. Yrði ekki önnur ályktun dregin en að um ofsafengna og lífshættulega árás hefði verið að ræða af hálfu A og hefði X því orðið fyrir ólögmætri árás sem honum hefði verið rétt að verjast eða afstýra, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Að teknu tilliti til skýrslu D, sem framkvæmdi krufningu A, í héraði og annarra gagna málsins um stefnu og lögun stungusáranna, þótti á hinn bóginn hafið yfir skynsamlegan vafa að X hefði náð taki á hnífnum meðan á átökunum stóð og beint honum í síðu A í tvígang. Hefði hann með því beitt vörnum sem voru auglýsilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til. Var því ekki fallist á að 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga gæti átt við um atvik málsins. Þrátt fyrir það var lagt til grundvallar að hin ólögmæta árás A hefði enn staðið yfir er hnífurinn stakkt tvívegis í síðu hans fyrir atbeina X. Þótt leggja yrði til grundvallar að X hefði gengið lengra í að verjast hinni ólögmætu árás en efni stóðu til taldi Landsréttur óhjákvæmilegt að líta til þess að X hefði verið að verjast óvæntri og lífshættulegri árás með eggvopni en A lagði útrekað til X með hnífnum og náði að

stinga X í tvígang, annars vegar í andlitið og hins vegar í lærið. Taldi Landsréttur uppfyllt skilyrði 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga þar sem miða yrði við að X hefði verið svo skelfdur eða forviða er hnífurinn stakkt í síðu A í tvígang að X hefði ekki getað fullkomlega gætt sín. Var X því sýknaður af ákæru um manndráp. Af þeim sökum var kröfum einkaréttarkröfuhafa vísað frá héraðsdómi. Þá var X einnig sýknaður af ákæru um umferðarlagabrot sem honum var gefið að sök þar sem ekki var talið fullyrt að mynd úr hraðamyndavél sýndi að um X væri að ræða auk þess sem framburður vitnis um að hann hefði fengið mynd senda af X undir stýri ætti ekki við um það atvik sem ákært var fyrir.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson og Kristbjörg Stephensen og Andri Traustason réttarlæknir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 22. janúar 2024 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málsgögn bárust réttinum 5. mars sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. janúar 2024 í málinu nr. S-[...]/2023.
- 2 Ákæruvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt ákærum 24. ágúst 2023 og 15. september sama ár en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Að því frágengnu krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að verði fangelsisrefsing dæmd verði hún skilorðsbundin að öllu leyti. Þá krefst hann þess að miskabótakröfu einkaréttarkröfuhafa verði vísað frá dómi en til vara að dæmdar bætur verði lækkaðar.
- 4 Af hálfu B er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 6.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. október 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist staðfestingar niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta vegna missis framfæranda. Til vara er þess krafist að ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaða- og miskabætur verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 5 Af hálfu C er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 6.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. október 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist staðfestingar niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta vegna missis framfæranda. Til vara er þess krafist að ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaða- og miskabætur verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

- 6 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar upptökur í hljóði og mynd af skýrslum ákærða og vitnisins D réttarlæknis fyrir héraðsdómi. Gáfu ákærði og vitnið auk þess viðbótarskýrslu. Jafnframt gaf vitnið E viðbótarskýrslu. Þá voru spilaðar tvær skýrslur F hjá lögreglu, upptökur af símtölum F og G við Neyðarlínu, upptaka úr búkmyndavél af vettvangi og upptaka af sviðsetningu atburðar.

Niðurstaða

- 7 Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi er ákærða með ákæru 24. ágúst 2023 gefið að sök manndráp með því að hafa stungið A tvisvar sinnum í vinstri síðu með hnífi, með þeim afleiðingum að ytri mjaðmarslagæð fór í sundur og olli umfangsmiklu blóðtapi sem leiddi til dauða A. Ákærði neitar sök og krefst sýknu á þeim grunni að ósannað sé að hann hafi stungið A eða að minnsta kosti hafi hann ekki haft ásetning til þess að stinga hann, það hafi þá gerst óvart í átökum þeirra um hnífinn. Þá ber hann fyrir sig neyðarvörn, sbr. 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 8 Í hinum áfrýjaða dómi eru málsatvik rakin og skilmerkileg grein gerð fyrir framburði ákærða og vitna.
- 9 Svo sem nánar er rakið í héraðsdómi bentu niðurstöður krufningar, sem D réttarlæknir framkvæmdi og voru yfirfarnar af H réttarlækni, sterklega til þess að dánarorsök A væri afleiðing þess að hann hefði verið stunginn í síðuna með eggáhaldi af öðrum manni. Áverkar af völdum skarpra krafta sem valda bana fyrir slysi væru mjög sjaldgæfir í samanburði við slíka áverka sem tilkomnir væru fyrir vilja, það er manndráp eða sjálfsvíg. Sú staðreynd ásamt því að áverkarnir í vinstri síðu væru tveir og áþekkir að gerð og umfangi töluðu gegn því að þeir gætu talist afleiðing óhapps. Þá skýri frásögn ákærða, af því hvernig hann og A hafi tekist á og sviðsett hafi verið sérstaklega, ekki áverkana tvo í vinstri síðunni. D staðfesti þessar niðurstöður í vitnaskýrslu í héraði. Þá staðfesti H aðkomu sína að niðurstöðum réttarkrufningar. Í skýrslu sinni fyrir Landsrétti lagði vitnið D áherslu á að slys fyrir þá krafta, það er stungusár með eggáhaldi, sem ollu dauða A væru afar óvanaleg og gerðust aðeins við mjög sérstakar aðstæður. Þá drægi það úr líkum á því að áverkarnir yrðu taldir hafa orðið fyrir slysi að þeir væru samsíða. Þetta væru tveir atburðir, tvö sárágöng og tvö alvöru stungusár. „Slys hegð[i] sér síður þannig.“ Af þessu leiði að hægt sé að segja að þetta hafi ekki verið slys. Áverkarnir, staðsetning þeirra og útlit, bendi sterklega til þess að þeir séu tilkomnir fyrir árás annars manns.
- 10 Samkvæmt framansögðu verður því slegið föstu að dauða A hafi borið að fyrir tilstuðlan annars manns.
- 11 Framburður ákærða hefur í stærstum dráttum verið stöðugur um að hann hafi ekki stungið A. A hafi átt upptök að átökunum og náð að stinga hann í kinn og læri. Ákærði hafi þá ýtt honum frá sér, þeir hafi tekist á um hnífinn, ákærði hafi náð taki á blaði hnífsins, snúið hægri hendi A, sem hélt á hnífnum, undir hægri handarkrika sinn og haldið henni þar, allt þar til A missti mátt og féll í gólfið svo sem nánar er rakið í

héraðsdómi. Hann hafi ekki náð taki á hnífskeftinu fyrr en eftir að hnífurinn féll í gólfið við það að A missti mátt. Á hinn bóginn hefur hann eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi enga rökrétta skýringu getað gefið á tilkomu áverka A. Fyrir Landsrétti gat hann ekki heldur gefið skýringu á áverkunum en hélt sig við fyrri lýsingu á því hvernig hann og A tókust á.

- 12 Samkvæmt framburði ákærða voru það aðeins hann og A sem tókust á um hnífinn. Hafi þau átök staðið allt þar til A hneig niður og missti tak á hnífnum sem ákærði hafi þá tekið upp og komið fyrir í blómapotti frammi á gangi í íbúðinni. Vegfarandi, I sem kom á vettvang að ósk Neyðarlínunnar til að veita skyndihjálp, fann hnífinn þar stuttu síðar eins og fram kemur í héraðsdómi. Í blóði sem fannst á hnífnum var bæði DNA snið úr ákærða og A. Samkvæmt því verður því slegið föstu að ekki hafi öðrum verið til að dreifa en ákærða á vettvangi sem valdið gat þeim áverkum sem leiddu til dauða A.
- 13 Ákærði hefur borið við neyðarvörn, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, sem kveður á um að það verk sé refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hafi verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð sé eða vofi yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum sem séu augskýrnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.
- 14 Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi bera gögn málsins með sér að A hafi átt upptök átakanna. Er ekkert fram komið sem hrakið hefur framburð ákærða þar um. Er hann jafnframt í samræmi við framburð F heitinnar hjá lögreglu sem nánar er rakinn í héraðsdómi. Við mat á því hvort skilyrði neyðarvarnar hafi verið uppfyllt verður að líta heildstætt á þá atburði sem leiddu að lokum til dauða A. Verður þannig ekki hjá því komist að líta til þeirra ógnvænlegu aðstæðna sem til staðar voru er A, vopnaður hnífi sem fyrir liggur að hann kom með á vettvang og haldi í buxnastreng sínum, dró fyrirvaralaust upp og réðst á ákærða. Af gögnum máls verður skýrlega ráðið að A lagði ítrekað með hnífnum til ákærða eins og ráða má af stungufari í stólbaki og í gluggatjaldi og hæfði hann í tvígang, það er í kinn og læri. Verður ekki önnur ályktum dregin af gögnum málsins en að um ofsafengna og lífshættulega árás hafi verið að ræða og að hending ein hafi ráðið að ákærði hlaut ekki lífshættulega áverka af. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar að ákærði hafi orðið fyrir ólögmætri árás af hálfu A sem honum var rétt að verjast eða afstýra, sbr. fyrrgreindan áskilnað 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga.
- 15 Eitt af skilyrðum neyðarvarnar er að ólögmætri árás sé ekki lokið en í því felst að hin ólögmæta árás þarf að vera yfirvofandi eða standa yfir á þeim tíma er gripið er til varna af hálfu þess sem fyrir henni verður.
- 16 Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um eina samfellda atburðarás hafi verið að ræða sem leiddi til dauða A. Er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að hlé hafi orðið á þeim átökum sem hófust er A lagði til ákærða með hnífnum á þann

hátt sem fyrr greinir. Fær þessi ályktun stoð í skýrslum F heitinnar hjá lögreglu en hún var eina vitnið að þeim átökum sem urðu milli ákærða og A. Þannig bar hún að hún hefði ekki séð hnífinn en heyrð ákærða segja „komstu með hníf, [...] svo var bara allt í blóði.“ Þeir hafi tekist á í horni eldhúskróksins, hún hafi bara séð blóð og svo hafi ákærði skriðið fram á gang. Þetta hafi bara verið áflog en hún hafi ekki séð hvernig áverkar komu til í þeim. Sagði hún þetta hafa gerst mjög hratt. Samræmist þessi frásögn vitnisins að nokkru skýringum ákærða á atburðarásinni en hann lýsti því að neyðarvörn hans hafi falist í því að hrinda A frá sér, grípa um hnífsblaðið og halda hendi hans klemmdri undir hægri handarkrika þar til A missti tak á hnífnum er hann hneig niður. Fær þessi lýsing ákærða stoð í framburði vitnisins D fyrir héraðsdómi um að áverkar á hendi ákærða hefðu verið „klassískir varnaráverkar [...] eftir árás með hnífi eða eggáhaldi.“ Á hinn bóginn er eins og fram er komið það eindregin niðurstaða réttarkrúfningar að frásögn ákærða af átökunum skýri ekki umrædda áverka á A og hefur ákærði enga haldbæra skýringu gefið á þeim.

- 17 Í skýrslu D í héraði kemur fram að þó það sé „gríðarlega óvanalegt“ að banaslys af völdum skarps áverka verði fyrir slysi „þurfi að taka tillit til þess að ef að það er verið að berjast um hníf að það getur vissulega ýmislegt gerst og ég ætla ekki að útiloka neitt í því en það væri alveg einstakt held ég.“ Fyrir utan skurðsár á hendi hafi aðeins þessir áverkar verið á líkama A „sem að vitnar um að [...] hnífur hafi komið á hann og skorið og stungið í sem sagt... sem part af einhverju stóru kaosi.“ Jafnframt að af lögun sáranna verði dregin sú ályktun að „það sé þá mótspyrna í gangi eða það sé þá hluti af átökum.“ Spurt fyrir Landsrétti svaraði vitnið því að áverkar á A hefðu getað komið til í átökum tveggja manna.
- 18 Þótt ákærði hafi enga haldbæra skýringu gefið á því hvernig áverkar þeir sem leiddu til dauða A komu til, verður í ljósi framangreinds því slegið föstu að áverkarnir hafi orðið í átökum ákærða og A sem spunnust af ólögum árás sem miða verður við að hafi enn staðið yfir. Að teknu tilliti til framangreindrar skýrslu D og gagna málsins um stefnu og lögun stungusáranna, þykir á hinn bóginn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi náð taki á hnífnum meðan á átökunum stóð og beint honum í síðu A í tvígang með fyrrgreindum afleiðingum. Verður í ljósi þessara sönnunargagna að leggja til grundvallar að ákærða hafi verið ljóst að stungurnar gætu verið lífshættulegar en hann hafi í ljósi aðstæðna látið sér það í léttu rúmi liggja. Hafi hann með því beitt vörnum sem voru auglýsingalega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til. Verður af þessum sökum ekki fallist á að 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga geti átt við um atvik málsins. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvenær í atburðarásinni þetta gerðist og hvort ákærði hafi þá einn haldið á hnífnum á meðan þeir voru að takast á og þá eftir atvikum hvort hnífurinn hafi í tengslum við þá atburðarás stungist í jógabolta sem var á vettvangi og blóð úr ákærða og A fannst á.

- 19 Sem fyrr greinir er lagt til grundvallar að hin ólögmeta árás A hafi enn staðið yfir er hnífurinn stakkst í tvígang í síðu hans fyrir atbeina ákærða. Þótt leggja verði til grundvallar samkvæmt framangreindu að ákærði hafi gengið lengra í að verjast hinni ólögmetu árás en efni stóðu til er óhjákvæmilegt að líta til þess sem fyrr greinir um að hann var að verjast óvæntri og lífshættulegri árás með eggvopni. Sem fyrr segir virðist hending ein hafa ráðið að ákærði hafi ekki orðið fyrir lífshættulegum áverka í upphafi árásarinnar er A lagði ítrekað til hans með hnífnum og náði að stinga hann í tvígang, annars vegar í andlitið og hins vegar í læri. Verður af þeirri ástæðu við það að miða að ákærði hafi verið svo skelfdur eða forviða er hnífurinn stakkst í síðu A í tvígang að hann hafi ekki getað fullkomlega gætt sín, sbr. 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Bar ákærði meðal annars í héraði að eftir að hann áttaði sig á að A væri að ráðast á sig með hnífi hafi hann talið að „maðurinn væri bara að mæta til að drepa mig.“ Hann hafi talið að A hefði „hitt bara í slagæð þarna í lærinu“ og að hann hafi verið „skíthreiddur um að [sér] myndi bara blæða út.“ Eftir að A hafi hnigið niður hafi hann fyrst og fremst hugsað um að koma hnífnum í burtu frá A en fram er komið að ákærði kom hnífnum fyrir í blómapotti frammi á gangi. Bar ákærði meðal annars: „[...] og þar sem ég var skriðandi í gólfinu að ... og einhvern veginn í engu ástandi til að verja mig meira eða frekar að þá var eina sem að vakti fyrir mér það var bara að koma hnífnum í burtu.“ Hann hafi talið að A „væri að koma á eftir [honum] þegar [hann] var að skriða þarna á eftir hnífnum.“ Er framburður ákærða um framangreint metinn trúverðugur að teknu tilliti til fyrrgreindra atvika og aðstæðna sem ráða má af gögnum málsins.
- 20 Með vísan til þess sem fram er komið verður talið uppfyllt skilyrði 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, sem kveður á um að ekki skuli refsanna manni sem farið hefur út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar ef ástæða þess sé að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða að hann hafi ekki getað fullkomlega gætt sín. Ber því að sýkna ákærða af kröfu ákærvaldsins um refsingu fyrir þá háttsemi sem greinir í ákæru 24. ágúst 2023.
- 21 Ákærða er jafnframt með ákæru 15. september 2023 gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa mánudaginn 8. ágúst 2022 ekið nánar tilgreindri bifreið, sviptur ökurétti, austur [...] á allt að 85 kílómetra hraða á klukkustund að teknu tilliti til vikmarka en þar sé leyfilegur hámarkshraði 70 kílómetrar á klukkustund. Ákærði neitar sök.
- 22 Í gögnum málsins er að finna svarthvíta mynd úr hraðamyndavél í [...] sem sýnir [...] við stýri bifreiðarinnar. Þótt sú lýsing geti farið saman við lýsingu á útliti ákærða verður ekki á grundvelli hennar einvörðungu fullyrt að um ákærða sé að ræða en framburður vitnisins E í héraði, sem byggt er á í hinum áfrýjaða dómi, um að hann hafi fengið senda mynd af ákærða undir stýri bifreiðarinnar verður ekki skilinn svo að um hafi verið að ræða þá ökuferð í [...] sem ákært er fyrir heldur hafi vitnið þar átt við annað tilvik. Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir

á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Með vísan til 109. gr. sömu laga og þess sem að framan greinir telst ekki fram komin nægileg sönnun fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um síðastnefnda háttsemi og verður hann því sýknaður af henni.

- 23 Af fyrrgreindri niðurstöðu um sýknu ákærða af kröfu ákærvaldsins um refsingu samkvæmt ákæru 24. ágúst 2023 leiðir að vísa ber kröfum einkaréttarkröfuhafa frá héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.
- 24 Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður einkaréttarkröfuhafa fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns þeirra, eins og greinir í dómsorði.
- 25 Samkvæmt 1. mgr. 237. gr. laga nr. 88/2008 verður allur sakarkostnaður málsins í héraði og áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða eins og þau voru ákveðin í héraði, svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Landsrétti, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfu ákærvaldsins um refsingu samkvæmt ákæru 24. ágúst 2023.

Ákærði er sýkn af kröfum ákærvaldsins samkvæmt ákæru 15. september 2023.

Kröfum einkaréttarkröfuhafa, B og C, er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður einkaréttarkröfuhafa fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns þeirra, Sigmundar Guðmundssonar, 955.500 krónur.

Allur sakarkostnaður málsins á báðum dómstigum greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Snorra Sturlusonar lögmanns, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Landsrétti, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 2.256.800 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. janúar 2024

Málsmeðferð og dómkröfur

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 12. desember sl., höfðaði ákærvaldið með eftirfarandi ákærum á hendur X, kennitala [...], [...],

I. Ákæra Héraðssaksóknara 24. ágúst 2023

„fyrir manndráp, með því að hafa aðfaranótt [...] 2022, í íbúð [...] að [...], svipt A, kennitala [...], líffi með því að stinga hann tvisvar sinnum í vinstri síðu með hnífi, með þeim afleiðingum að ytri mjaðmarslagæð fór í sundur og olli umfangsmiklu blóðtapi sem leiddi til dauða A.

Telst þetta varða við 211 [svo] gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu J, kennitala [...], lögráðamanns C, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa miskabætur að fjárhæð kr. 6.000.000, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. október 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa kr. 6.580.941 í skaðabætur vegna missis framfaranda auk 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 laga frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr ríkissjóði, sbr. 48. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, sbr. 233. gr. sömu laga, að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu J, kennitala [...], lögráðamanns B, kennitala [...] er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa miskabætur að fjárhæð kr. 6.000.000, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. október 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa kr. 4.407.497 í skaðabætur vegna missis framfaranda auk 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 laga frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr ríkissjóði, sbr. 48. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, sbr. 233. gr. sömu laga, að viðbættum virðisaukaskatti.“

II. Ákæra lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 15. september 2023

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa mánudaginn 8. ágúst 2022, ekið bifreiðinni [...], sviptur ökurétti, austur [...], með allt að 85 kílómetra hraða á klukkustund að teknu tilliti til vikmarka, en þar er leyfilegur hámarkshraði 70 kílómetrar á klukkustund.

Telst þetta varða við 1. mgr. 58. gr. og 1. mgr., sbr. 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að sæta sviptingu á rétti til að öðlast ökuskírteini skv. 4. mgr. 58. gr., sbr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.“

Við aðalmeðferð málsins féll ákærvaldið frá kröfu um að ákærða yrði gert að sæta sviptingu réttar til að öðlast ökuskírteini.

Afstaða og kröfur ákærða

- 2 Ákærði neitar sök og krefst sýknu og frávísunar einkaréttarkröfu. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög leyfa og lækkunar einkaréttarkröfu. Þá krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda hans.

A. Sakarefni máls

I. Ákæra Héraðssaksóknara 24. ágúst 2023

Málsatvik, rannsókn og sönnunarfærsla

- 3 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning kl. 2:39 þann [...] 2022 um hnífsstungu að [...], sem síðan hafi reynst vera [...]. Tilkynnandi var F, eiginkona A. Er lögreglumenn komu á vettvang kl. 3:05 voru þrjár sjúkrabifreiðar á vettvangi. Á móti lögreglumönnum komu K og I, sem sögðu meintan geranda liggja uppi í rúmi í svefnherbergi íbúðarinnar. Hann væri með stungusár á læri. Annar aðili lægi inni í eldhúsi og hafi I heyrt að hann hafi fyrst beitt hnífnum. I og K höfðu verið á rúntinum og séð konu í mikilli geðshræringu koma hlaupandi út úr húsinu. Að beiðni Neyðarlínunnar hafi þau farið inn í íbúðina og hafið endurlífgunartilraunir þar til sjúkraflutningamenn kæmu. Upplýsti I að hann hefði fundið hnífinn sem notaður hafi verið í átökunum, tekið hann upp með pappírspurrku og komið honum fyrir ofan á þvottvél á baðherbergi íbúðarinnar.
- 4 Við anddyri hússins, þar sem gengið er inn í stigaganginn, voru tilkynnandi og G, báðar í miklu uppnámi. Voru þeim gefin fyrirsmáli um að halda kyrru fyrir.
- 5 Á eldhúsgólfi íbúðarinnar voru sjúkraflutningamenn að reyna endurlífgun á A. Mikið blóð var sjáanlegt á gólfi, veggjum og innréttingu í eldhúsinu. Blóðslóð lá frá eldhúsinu eftir svefnherbergisgangi að svefnherbergi þar sem ákærði lá á hliðinni í rúmi blóðugur í framan, með blóð á báðum höndum og handklæði vafið um vinstra læri og belti spennt utan um handklæðið. Voru sjúkraflutningamenn að hlúa að ákærða, sem var rólegur. Sagðist ákærði hafa losað sig við hnífinn þegar hann hafi skriðið eftir ganginum. Hnífurinn væri í blómapotti á ganginum. Um væri að ræða eldhúshníf sem A hafi komið með.
- 6 Var ákærða kynnt réttarstaða sakbornings, en lögreglu láðist að geta þess að hann ætti rétt á verjanda. Tjáði ákærði sig um atvik kvóldsins og gat þess fyrst að lögregla hefði farið heim til A og F [daginn áður], en ekki fjarlægð A af heimilinu þar sem F hefði ekki gefið lögreglu ástæðu til þess. Í framhaldi af því hefði ákærði sagt F að koma til sín og G í íbúð G að [...], sem hún hafi gert.
- 7 Í kjölfarið hafi A reynt að fá F aftur heim að [...]. A hefði sent [...], E, í íbúðina að [...] á milli miðnættis og 1:00 til þess að reyna að fá F yfir, en hún hafi neitað því. E hafi þá yfirgefið íbúðina og tekið einhverjar töskur með sér.
- 8 Um hálf tíma til klukkutíma síðar hafi A komið og F hleypt honum inn. Ákærða hafi fundist það slæm hugmynd að fá hann inn í íbúðina. Ákærði hafi setið við eldhúsbord ásamt F, en A staðið. Hann hafi svarað þeim frekar „aggressívt“. Ákærði hafi sagt honum að F væri búin að svara honum og hann ætti að hypja sig í burtu. Hún væri ölvuð og A ætti frekar að tala við hana daginn eftir. Hann hafi þá farið að rífast við ákærða sem hafi hent sólgleraugum í átt að A. Þá hafi A dregið upp hníf og gengið hratt að ákærða, sem hafi rétt náð að standa upp úr stólnum, áður en A hafi stungið hann í lærið. Ákærði hafi dregið A aðeins í burtu og reynt að grípa hnífinn, en það hafi ekki tekist. Þá hafi A stungið ákærða í andlitið. Honum hafi tekist að grípa utan um hnífinn og þeir hafi báðir haldið utan um hann. Hnífurinn hafi verið á milli þeirra. Þeir hafi tekist á í eldhúsinu og dottið saman á gluggakistu. Síðan hafi A hniðið niður fljótlega eftir það. Ákærði hafi þá snúið baki í hann og verið með hönd A, sem hafi haldið á hnífnum, fasta upp við síðu sína. Hann hafi haldið í hnífinn og verið að reyna að ná honum af A, sem síðan hafi orðið máttlaus og hniðið niður. Þá hafi ákærði náð að ýta A frá sér, dottið fram fyrir sig og skriðið í burtu. Hann hafi þá öskrað á G og F að hringja á sjúkrabifreið.
- 9 Nánar aðspurður um aðdragandann hafi ákærði sagt A og F hafa farið til [...] daginn áður og rifist mikið í ferðinni. Ákærði hafi verið heima hjá þeim er þau komu til baka. A hafi rekið ákærða á dyr og hann hafi þá farið heim til G að [...] og fengið þar inni. A hafi „funkerað“ illa þegar ákærði væri á svæðinu, þar sem

ákærði tæki það ekki í mál að hann legði hendur á F. Fljótlega eftir að ákærði hafi yfirgefið heimilið hafi F hringt á lögreglu, en ekki gefið lögreglu tilefni til afskipta er hún kom á vettvang. F hafi síðar komið yfir til G.

- 10 Á meðan á átökum ákærða og A stóð hafi G verið sofandi inni í svefnherbergi. Ákærði kvaðst ekki vita nákvæmlega hvar F hafi verið á meðan átökin áttu sér stað.
- 11 Sjáanlegir áverkar á ákærða voru skurður á hægri hendi, skurður á vinstri kinn og stungusár framarlega á vinstra læri.
- 12 Samkvæmt frumskýrslu voru engin lífsmörk með A er sjúkraflutningamenn komu á vettvang. Hann hafi legið á bakinu á eldhúsgólfinu með höfuðið upp við norðurvegg í horni á milli eldhúsbekkar og veggjarins. Hann hafi verið dreginn frá veggnum til að auðvelda endurlífgunartilraunir sem báru ekki árangur. Var hann úrskurðaður látinn á vettvangi og færður á sjúkrahöndur í stofu íbúðarinnar. Við það hafi myndast blóðslóð frá eldhúsinu og í stofuna. Á vinstri síðu hins látna voru tvö stungusár.
- 13 Lögregla fann blóðugan eldhúshníf inni á baðherbergi íbúðarinnar. Samkvæmt DNA rannsókn sem gerð var á hnífnum var þar að finna blandað blóð úr ákærða og hinum látna. Mældist hnífurinn 32 cm að lengd með 20 cm löngu blaði. Á skefti hnífsins, sem var án hjalta, fannst fingrafar af litla fingri vinstri handar ákærða.
- 14 Við leit á vettvangi fannst loftlaus jógabolti á stofugólfi íbúðarinnar á móts við eldhúsið. Var boltinn mikið blóðugur og sjáanlegt rautt kám á öllu yfirborði hans. Þótti boltinn bera þess merki að hafa rúllað í blóði á vettvangi. Fundust á boltanum göt eftir þrjár stungur og tvo skurði. Voru þrjú gatanna ofarlega á boltanum og tvö göt nær botni boltans. Blóðsýni sem tekið var úr boltanum innanverðum við eitt stungugatið reyndist innihalda blandað blóð úr ákærða og hinum látna.
- 15 Við rannsókn málsins fór fram sviðsetning á vettvangi með þátttöku ákærða, verjanda hans, fulltrúa ákæruvaldsins, lögreglu og réttarmeinafræðingi. Fór sviðsetningin fram í samræmi við frásögn ákærða af atvikum. Var upptaka sviðsetningarinnar spiluð við aðalmeðferð málsins.
- 16 Framkvæmd var réttarkrúfning á líki A 5. október 2022 af D réttarlækni. H réttarlæknir skoðaði öll gögn og niðurstöður rannsóknarinnar og tók þátt í túlkun þeirra. Samkvæmt skýrslunni voru tvö áþekk sár á vinstri síðu. Annað sárið „með undirliggjandi sárgangi gegnum húð, fitu og vöðva kviðveggjarins, lífhimmuna, fallristilinn, undirliggjandi mjúkvefi í grindinni og vinstri ytri mjaðmarslagæðina með kjölfarandi umfangsmikilli mjúkvefjablæðingu og blæðingu inn í kviðarholið (650 ml)“. Mældust sárgöngin 12 cm með stefnu bratt niður á við, lítið eitt inn á við og fram. Hitt sárið „með undirliggjandi sárgangi gegnum vinstri miðþjóvöðvann og afflísun á vinstri mjaðmarkambinum.“ Mældust sárgöngin 10 cm með legu niður á við, inn á við og svolítið fram. Útlit sáranna í vinstri síðu bendi sterklega til að þau hafi komið til fyrir skarpan kraft í formi stungu með aflöngu eggáhalði. Form sáranna bendi til þess að breyting hafi orðið á afstöðu eggáhalðsins og líkamans á meðan áhaldið hafi verið fært inn í holdið og dregið þaðan út. Slíka hreyfingu megi túlka á þann veg að átök hafi ríkt eða mótspyrna reynd á meðan áhaldinu var beitt.
- 17 Sár hafi einnig verið á vinstri þumalfingri og í vinstri lófa. Útlit sárs á vinstri þumalfingri bendi sterklega til skurðar með eggjuðu áhaldi. Útlit sárs í lófa bendi sterklega til að það sé til komið fyrir skarpan kraft í formi heflunar með hvassri egg. Mögulegt sé að bæði sárin á vinstri hendi hafi komið til við sama kraftatburð. Útlit og staðsetning sáranna geti bent til að þau hafi komið til við varnir eða mótspyrnu gegn atlögu annars manns með eggáhalði. Ekki sé þó hægt að útiloka að áverkarnir hafi komið til hafi hinn látni sjálfur handleikið eða beitt hnífi til verks.
- 18 Undirhúðarblæðing hafi verið á hægri handarbaki. Útlit hennar bendi sterklega til að hún hafi komið til við sljóan kraft gegnt öðrum hnúaliðnum. Húðblæðingar hafi verið ofan vinstri rasskinnar og hægri megin á brjóstbakinu. Útlit þeirra bendi til að þær hafi komið til við sljóan kraft í formi snarps steyps eða þrýstings gegn hörðu yfirborði. Hið sama eigi við um undirhúðarblæðingar á hægri hné, hægri læri, hægri mjöðm, yfir aftanverðum öxlum og mjóhrygg.
- 19 Áverkar á aftanverðum öxlum, mjóhrygg og rifjum og skráma á brjóstinu geti skýrst af endurlífgunartilraunum.

- 20 Útlit skráma á vinstri olnboga og utanverðri vinstri mjöðm bendi til að þær hafi komið til fyrir rispandi kraft í formi snertingar við harðan kant eða hvassan odd.
- 21 Í blóði hins látna hafi mælst etanólstyrkur 1,01 prómill sem bendi til vægrar ölvunar. Auk þess mældust í blóðinu sterk verkjalyf, róandi lyf og örvandi efni. Styrkur efnanna hafi ekki verið umfram það sem vænta megi við inntöku miðað við vanalega notkun.
- 22 Rannsóknarniðurstöður bendi sterklega til þess að dauðsfallið sé afleiðing þess að hinn látni hafi verið stunginn í síðuna með eggáhalði af öðrum manni. Dánarorsök hafi verið umfangsmikið blóðtap vegna áverka á vinstri ytri mjadmarslagæð. Frásögn ákærða við endursköpun atburðarins skýri ekki áverkana á vinstri síðu. Áverkar af völdum skarpra krafta sem valdi bana fyrir slysi séu mjög sjaldgæfir í samanburði við slíka áverka sem tilkomnir séu fyrir viljaverk (manndráp, sjálfsvíg). Þessi staðreynd, ásamt því að áverkarnir hafi verið tveir talsins og áþekkir að gerð og umfangi, tali gegn því að þeir séu afleiðing óhapps.
- 23 Réttarlæknisfræðileg skoðun var einnig framkvæmd á ákærða. Kemur fram að í blóði hans hafi mælst amfetamín 645 ng/ml, sem er hærri en eftir lækningalega skammta og megi gera ráð fyrir að ákærði hafi verið undir örvandi áhrifum. Í blóðinu hafi einnig mælst tetrahydrokannabinól í styrkleika sem bendi til þess að hann gæti hafa verið undir slævandi áhrifum. Styrkur verkjalyfja hafi verið í lækningalegum skömmtum. Alkóhól hafi ekki mælst.
- 24 Á vinstri kinn ákærða var 2 cm langt sár í gegnum kinnina með legu niður og aftur. Voru merki um að brotnað hafi úr jaxli í neðri kjálka. Mitt á framanverðu vinstra læri var þverlægt 2,8 cm langt saumað sár. Útlit áverkanna benti til þess að þeir væru til komnir fyrir skarpan kraft í formi stungu með egghvössu áhaldi.
- 25 Á hægri hendi ákærða sáust tvö samsíða 0,5 cm löng grunn sár á vísifingri og sár í kverkinni á milli þumals og vísifingurs sem saumað var saman með þremur sporum. Í litlafingurshelft lófans var 2 cm langt samansaumað sár og þaðan grynndi sárþáttur 2,5 cm að miðju lófans og 3 cm brotin rispa þaðan þvert yfir þumalhelft lófans. Á litlafingri mældist 0,6 cm sár. Á vinstri hendi ákærða sást þverlægt grunnt 1 cm langt sár á litlafingurshlið þumals. Benti útlit sáranna til þess að þau væru til komin með egghvössu áhaldi og sárin á kverk hægri þumals, í hægri lófa og á vinstri þumli hafi komið til við varnir gegn atlögu annars manns með hnífi. Á framhandlegg sást 3 cm grunn brotin rispa sem virtist til komin fyrir rispandi kraft sem skröpun gegnt mjóum kanti eða hvössum oddi. Mar á hægri upphandlegg benti sterklega til þess að það hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi steys gegnt hörðu yfirborði.
- 26 Aldur áverkanna samræmdist því að þeir væru til komnir aðfararnótt [...] 2022. Ekkert benti til þess að áverkarnir hafi verið lífshættulegir.
- 27 Símtæki hins látna og ákærða voru könnuð í þágu rannsóknar málsins. Kom fram að ákærði sendi hinum látna skilaboð kl. 00:35 umrædda nótt þar sem hann bað hann um að hætta að hringja, hann hefði ekkert að segja við hann. Í skilaboðum á milli hins látna og F um kvöldmatarleytið daginn áður kom fram að hann hafi verið ósáttur við að hún hafi hringt á lögreglu og tilkynnt hann vegna líkamsmeiðinga þegar hún hafi í raun vakið hann með barsmíðum. Símtalaskrá sýndi einnig að hinn látni hafi reynt að ná í G, en hún ekki svarað. Í skilaboðum hins látna til félaga sinna 21. og 27. ágúst 2023 lýsir hann því að ákærði hafi ráðist á sig þar sem hann var liggjandi í rúminu. Hann telji ákærða eiga „eftir að koma aftur hingað í einhverri geðveiki aftur“
- 28 Í skilaboðum á milli ákærða og félaga síns 22. ágúst 2022 segir ákærði m.a. „Já ég réðst á manninn hennar F“.
- 29 Í skilaboðum á milli ákærða og vinkonu hans aðfararnótt 2. október 2023 hafði samband A og F verið til umræðu. Segir ákærði þar m.a. um hinn látna „Ég er alveg við það að myrða þennan hobbíta“.
- 30 Gerð var blóðferlarrannsókn og rannsókn á blóðsýnum er tekin voru á vettvangi og úr fatnaði ákærða og hins látna. Reyndust m.a. sýni úr rifu á baki eldhússtóls og blóðslettur á rúðu í eldhúsi innihalda DNA snið ákærða. Einnig sýni á gafli eldhúsinnrétingar. Blóð á gafli eldhúsinnrétingar nær glugga og í horni eldhúsgólfs reyndist úr hinum látna. Blóðkám á ofanverðu eldhúsborði innihélt blandað DNA snið ákærða og hins látna. Bæði á skefti og blaði eldhúshnífsins var að finna blandað blóð úr ákærða og hinum látna. Sýni úr bakhluta buxna ákærða reyndust öll innihalda blóð hins látna. Stór blóðblettur var á hægri rasskinn

buxnanna og innihélt hann blöndu blóðs úr hinum ákærða og hinum látna og reyndist meiri hluti blóðsins úr hinum látna. Á vinstri framhlið var einnig blóð úr báðum aðilum.

- 31 Blóð á framhlið stuttbuxna hins látna reyndist úr honum sjálfum. Á bakhlið fannst bæði sýni úr hinum látna og ákærða. Á bol hins látna fannst einungis greinanlegt blóð úr honum sjálfum. Á höndum hins látna fannst blóðkám úr báðum aðilum, að meiri hluta blóð hins látna.
- 32 Við aðalmeðferð málsins var spiluð upptaka af símtali F, G og ákærða við Neyðarlínuna eftir að átökum hins látna og ákærða lauk.

Skýrslugjöf ákærða og vitna

Skýrslur fyrir dómi

- 33 *Ákærði* kvaðst vera [...] F. Til ósættis hafi komið á milli hennar og A og ákærði hafi fengið F til að koma yfir í íbúð G að [...] og vera þar. Það hafi farið illa í A, sem hringt hafi stöðugt í F. Hún hafi drukkið mikið ásamt G. Ákærði hafi ekki verið að drekka, heldur sinnt vinnu í tölvunni. Um miðnætti hafi E [...] A komið og reynt að fá F til að koma til A að [...]. F hafi verið mikið ölvuð og búin að ákveða að gista hjá G og því hafi ákærði sagt E að fara yfir til A aftur. Síðar hafi verið bankað á hurðina og F hafi opnað. Þar hafi A verið kominn. F hafi sest aftur við eldhúsbordið með ákærða. A hafi verið rólegur þegar hann kom í íbúðina að [...] umrædda nótt. Hann hafi reynt að fá F til koma með sér, en hún hafi ekki viljað það. Ákærði hafi skipt sér af og til orðaskipta komið á milli hans og A, sem hafi verið ósáttur við afskipti ákærða og sagt honum að koma sér frá [...]. Fokið hafi þá í ákærða og hann hent sólgleraugum í áttina að A og sagt honum að „drulla sér út“. A hafi snöggreiðst og strunsað í áttina að ákærða og gripið eitthvað úr buxnastrengnum, sem ákærði hafi haldið að væri kylfa, og reitt til höggs. Ákærði hafi náð að beygja sig niður, en fengið högg á vangann. Taldi hann A hafa miðað á hálsinn á sér. Hann hafi hrint A frá sér með báðum höndum ósjálfrátt og reynt að standa upp. Er hann hafi verið að standa upp hafi A stungið hann í lærið. Ákærði hafi þá einhvern veginn náð að grípa í hnífinn, en hafi misst máttinn í fætinum um leið og dottið á A sem hafi verið með bakið upp við eyju í eldhúsinu. Ákærði hafi síðan snúið sér að F og öskrað á hana að hringja á sjúkrahúsi því hann hafi séð blóðið sem var komið og hafi verið dauðhræddur um sjálfan sig. Hún hafi hlaupið fram að finna símann sinn. Hann hafi verið búinn að sjá að A væri með hníf og hafi öskrað „varstu að stinga mig þarna helvítið þitt“. Markmið hans hafi verið að ná hnífnum af A. Hann hafi verið búinn að ná taki á blaðinu og þeir verið að slást og hnífurinn „verið að fara utan í allt þarna“. Ákærði hafi náð að snúa sér þannig að hann snéri baki í A, en hélt um hnífsblaðið á sama tíma. Síðan hafi verið eins og A hafi dottið og hnífurinn hafi kastast fram, en ákærði hafi verið að reyna að toga hnífinn úr höndum A. Ákærði hafi fallið fram fyrir sig og skriðið á eftir hnífnum og ýtt honum fram fyrir sig, en hann hafi talið að A kæmi á eftir sér. Hann hafi litið til baka og séð A liggjandi í eldhúsinu og hafi síðan skriðið í átt að svefnherbergi G og beðið hana um að finna handklæði til að binda um fótinn á sér. Hann hafi óttast að slagæð í fætinum gæti hafa farið í sundur. Á leiðinni hafi hann losað sig við hnífinn í blómapott.
- 34 Nánar aðspurður um átökin kvaðst ákærði hafa náð að klemma hægri hönd A undir hægri handarkrika sinn. Einungis hnefi A hafi staðið fram úr takinu. Þetta hafi verið strax eftir að hann hafi hrint A frá sér eftir að hafa fengið stungu í lærið, en þá hafi ákærði náð taki á hnífsblaðinu og haldið takinu allt þar til A hneig niður. Ákærði hafi haldið um hnífsblaðið með hægri hendi og A um skefti hnífsins. A hafi reynt að teygja vinstri höndina yfir ákærða í átt að hnífnum. Ákærði hafi gefið honum olnbogaskot með vinstri olnboga á meðan. A hafi misst máttinn og ákærði haldið að það hafi verið vegna olnbogaskotsins. Hnífurinn hafi losnað og kastast 2 – 3 metra fram í átt að stofunni. Kvaðst ákærði hafa verið að reyna að toga hnífinn úr höndum A og misst takið á honum þegar A missti máttinn. Hann hafi ekki verið með gott tak á hnífnum.
- 35 Ákærði neitaði að hafa nokkru sinni getað beitt hnífnum gegn A. Hann hafi ekki áttað sig á því hvers vegna A hné niður. Aðspurður hafði ákærði engar skýringar á því hvernig A hafi hlotið stungusárin tvö á vinstri síðu. Kvaðst ákærði hafa talið allt blóðið á vettvangi vera úr honum sjálfum.
- 36 Borin voru undir ákærða eftirfarandi orð úr framburði hans hjá lögreglu 6. október 2022, er hann lýsti því að hafa fallið fram fyrir sig eftir að A missti máttinn: „Því að ég gat illa staðið í lappirnar sko og með hnífinn í höndinni og næ þá taki almennilega á hnífnum og byrja bara að skriða hérna fram ... já í burtu.“

- Neitaði ákærði því að hafa átt við að hann hafi haldið á hnífnum er A missti máttinn. Með þessum orðum hafi hann átt við að hnífurinn hafi kastast fram og ákærði síðan tekið hann upp á gólfinu.
- 37 Ákærði kannaðist við jógabolta sem fannst blóðugur á vettvangi. Boltinn hafi hins vegar ekki verið nálægt átökunum og hvorugur þeirra stungið boltann. Hann hafi ekkert orðið var við boltann í átökunum.
- 38 Um afstöðu sína til A í umrætt skipti kannaðist hann við samtalið við vinkonu sína á samfélagsmiðlum 2. október 2022, þar sem hann hafi viðhaft orðin „Ég er alveg við það að myrða þennan hobbíta“ kvaðst hann hafa verið orðinn þreyttur á ofbeldi A gagnvart F, vinkonu ákærða, en ákærði eigi það til að taka sterkt til orða. Engin alvara hafi verið á bak við orðin.
- 39 Kannaðist ákærði við að honum hafi einu sinni áður lent saman við A. Það hafi verið í ágúst sama ár og tengst áfengisneyslu. Hann hafi gisti hjá þeim F í tvær vikur og þau verið orðin þreytt á dvöl hans þar og viljað losna við hann. Þeir A hafi tekist á og „hnoðast eitthvað“. Eftir á hafi þeir rætt málin og ákærði talið þá hafa sæst.
- 40 *Vitnið G* kvaðst hafa kynnst X nokkrum árum áður í [...]. F hafi hún kynnst á [...] eftir að vitnið flutti þangað nokkrum mánuðum fyrir atvik málsins. Vitnið hafi búið tæpan mánuð í íbúðinni að [...]. X hafi komið til [...] til að aðstoða F. Hann hafi fengið að gista hjá vitninu. Deilur hafi verið á milli F og A og hún hafi komið til vitnisins og fengið að gista. Kvað vitnið hana hafa ætlað að skilja við A. Vitnið hafi farið yfir til A að sækja föt fyrir F. A hafi verið þar að drekka. Vitnið hafi sagt honum að F ætlaði að skilja við hann og fara til [...] daginn eftir. Hann hafi leyft vitninu að taka saman föt fyrir F. Hann hafi verið rólegur, en augljóslega ekki liðið vel. Vitnið hafi síðan farið yfir til sín aftur að [...]. Mikil drykkja hafi verið á henni og F. Vitnið hafi farið að sofa, en vaknað við öskur í F. Hún hafi farið fram og séð ákærða á svefnherbergisganginum og síðan A liggjandi á ská við glugga við hliðina á eldhúsborðinu. Hún hafi verið hlaupandi á milli þeirra og verið í sambandi við Neyðarlínuna allan tímann, sennilega 40 mínútur. A hafi legið meðvitundarlaus á gólfinu. Hún hafi reynt að slá hann utan undir til að vekja hann. Ákærði hafi verið í sjokki og stunginn. Vitnið hafi sjálf verið í mikilli geðshræringu. Bið eftir aðstoð hafi verið löng. Hún hafi séð hnífinn í blómapotti eftir atvikinu.
- 41 Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna hvar jógaboltinn hafi verið. Hún hafi verið dauðadrukkin. Hún hafi almennt notað boltann mikið og haft hann út um allt, en aðallega við sófann í stofunni.
- 42 *Vitnið L*, íbúi í húsinu að [...], kvaðst hafa heyrt hljóð umrædda nótt eins og einhver væri að deyjja. Hljóðið hafi verið eins og hátt andvarp nokkrum sinnum. Hún hafi heyrt kvenmannsrödd segja: „*Hvað varst þú að gera? Við verðum að hringja á hjálp!*“, „*Hringdu 112*“. Þetta hafi verið eina röddin þar sem hún heyrði orðaskil. Nánar aðspurð kvaðst vitnið vera 90% viss um að hún hafi heyrt þetta. Kvaðst vitnið aldrei hafa heyrt karlmannsrödd. Hún hafi orðið mjög hrædd því áður hafi verið læti í þessari íbúð um nætur. Hún hafi líka heyrt sagt „*A vaknaðu!*“
- 43 *Vitnið I*, kvaðst hafa verið á rúntinum á [...] með vinkonu sinni K. Þau hafi tekið eftir konu í miklu uppnámi í eldhúsglugga á [...] og stöðvað bifreiðina fyrir utan. Konan hafi komið hlaupandi út og þau hafi þá ekið aðeins áfram og hringt í Neyðarlínuna. Neyðarlínan hafi spurt hvort hann kynni skyndihjálpu og beðið þau um að fara inn í íbúðina. Aðkoman hafi verið eins og „sláturhús“, blóð út um allt. Vitnið hafi kannað lífsmörk A, en engin fundið. Hann hafi síðan kannað hvort vopnaður maður væri í húsinu og fundið ákærða inni í herbergi liggjandi í rúmi. Ákærði hafi sagt honum að hnífurinn væri í blómapotti og vitnið hafi fundið hann þar stunginn ofan í moldina með skeftið upp. Vitnið hafi tekið hnífinn með servíettu og komið fyrir inni á baði. Vitnið kvað F hafa sagt sér að ákærði hafi ráðist á A. Hann gæti ekki sagt til um hvort A hafi áður ráðist á X. Þetta sé það sem F hafi sagt honum. Hafi annað verið haft eftir honum í lögregluskýrslu kvað vitnið það þá hafa verið mismæli.
- 44 Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir jógabolta í íbúðinni. Þau hafi ekki hreyft við neinu, að öðru leyti en því að hann hafi dregið A frá eldhúsveggnum til þess að eiga auðveldara með lífgunartilraunir, auk þess sem hann hafi fært hnífinn inn á baðherbergið. Kvaðst vitnið undrandi á því hve langan tíma það hafi tekið viðbragðsaðila að koma á staðinn, en það hafi örugglega verið 40 mínútur.
- 45 *Vitnið K* kvaðst hafa verið á rúntinum með vitninu I þegar þau hafi séð vitnið G í miklu uppnámi innum eldhúsgluggann á íbúð hennar. Þau hafi hringt í Neyðarlínuna sem hafi beðið þau um að fara inn í íbúðina. A hafi legið meðvitundarlaus með stungusár í eldhúsinu og ákærði legið uppi í rúmi. F hafi sagt A hafa

- verid stunginn og vitnið hafi skilið það þannig að hún hafi átt við að árárarmaðurinn væri inni í herbergi. F og G hafi verið hlæjandi úti eftir á, sem vitnið hafi ekki vitað hvort væru eðlileg viðbrögð.
- 46 Kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir jógabolta í íbúðinni, hvorki sprungnum né heilum. Þau hafi ekki hreyft við neinu.
- 47 *Vitnið E*, kvaðst hafa verið [...] hins látna. Þeir hafi verið mjög samrýmdir. Vitnið hafi kynnst ákærða er hann hafi komið úr [...] og komið [...] fyrr á árinu 2022. Ósætti hafi orðið á milli A og F. A hafi beðið vitnið að fara yfir og ná í F. Hún hafi ekki viljað koma. Vitnið hafi stoppað stutt í íbúðinni að [...] og farið aftur yfir til A sem hafi þá viljað fara sjálfur að [...], en vitnið hafi sagt honum að gera það ekki heldur fara að sofa. Vitnið hafi farið inn í herbergi. Hann hafi síðan orðið var við lögreglulið og frétt að A hafi farið yfir í íbúðina að [...]. Mikið ósætti hafi verið búið að þróast á milli A og ákærða. Ákærði hafi ráðist á A liggjandi inni í rúmi sofandi um Verslunarmannahelgina. Fjandskapur þeirra hafi farið vaxandi og samskipti á milli þeirra verið orðin ljót. A hafi orðið mjög reiður umrætt kvöld þegar F vildi ekki koma heim. Vitnið hafi sagt honum að róa sig, hún myndi koma aftur seinna. Mikil átök og ofbeldi hafi verið á milli F og A, á báða bóga.
- 48 *Vitnið lögreglumaður nr. M*, sem ritaði frumskýrslu í málinu, kvaðst hafa verið á bakvakt og fengið tilkynningu um hnífstungu á [...] og tilkynnandi væri F. Er vitnið kom á vettvang hafi stúlka og piltur tekið á móti þeim og sagt tvo menn særða, stungumaðurinn væri enn í íbúðinni. Er inn var komið hafi vitnið séð A liggjandi í miklu blóði í eldhúsinu og sjúkraflutningamenn að hlúa að honum. Þau hafi þá elt blóðför inn í herbergi og fundið ákærða þar liggjandi í rúmi og sjúkralið að hlúa að honum. Hann hafi verið mjög rólegur. Aðspurður um atburðarásina hafi hann vísað til ósættis F og A daginn áður og tilkynningar um heimilisofbeldi, sem hafi verið rótin að atvikum nóttina er átökin urðu á milli hans og A. Eftir að til orðaskipta hafi komið á milli ákærði og A hafi sá síðarnefndi tekið upp hníf og ráðist að ákærða og stungið hann í lærið. Ákærði hafi þá reynt að ná hnífnum af A en ekki tekist það og A hafi stungið hann í kinnina. Í kjölfarið á því hafi ákærði náð gripi á hnífnum og þeir verið að berjast um hnífinn og hnífurinn verið á milli þeirra. Síðan hafi þeir dottið á gluggasyllu í eldhúsinu og A hniگیð niður eftir það. Á því tímamarki hafi ákærði snúið baki í A og haldið hendi hans sem hélt um hnífinn upp við mjöðmina á sér. Hann hafi síðan fallið niður með A. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína, sem hafi verið rituð eftir upptöku á bókmyndavél, sem er á meðal gagna málsins.
- 49 Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna eftir að hafa tekið eftir jógabolta á vettvangi.
- 50 *Vitnið lögreglumaður nr. N*, staðfesti rannsóknarskýrslu sína í málinu. Kvaðst hann hafa verið á bakvakt í rannsóknardeild og hafa skoðað íbúðina eftir að viðbragðsaðilar hafi verið farnir af vettvangi. Kvaðst hann muna eftir sprungnum jógabolta, sem legið hafi hálfpartinn undir sófa. Við hlið hans hafi verið búið að flytja hinn látna eftir að endurlífgunartilraunum var hætt. Ekkert blóð hafi verið á gólfinu þar sem boltinn lá. Hugsanlega hafi boltinn færst með úr eldhúsinu þegar hinn látni hafi verið fluttur í stofuna.
- 51 *Fulltrúi í tæknideild með lögreglunúmer O* staðfesti aðkomu sína að sviðssetningu átakanna og lýsti henni.
- 52 *Fulltrúi í tæknideild með lögreglunúmer P*, sérfræðingur í blóðferlagreiningum, kvað verksummerki sýna að átakastaðurinn hafi verið í eldhúsinu, aðallega í horni við glugga og eyju en þar hafi mest blóð verið. Þar sem átök hafi verið og mikið af blönduðu blóði hafi meiri áhersla verið lögð á DNA sýnatöku af blóðinu, en blóðferlagreiningu. Í flestum sýnum hafi verið að finna blóð úr báðum aðilum. Sagði vitnið blóð í stungufari á stólbaki í eldhúsinu aðeins hafa verið úr ákærða, sem samræmist því að hann hafi verið stunginn í upphafi átakanna. Eftir það sé aðallega um blandað blóð að ræða. Eyða í blóði á eyjunni samræmist því að maður staðið og snúið baki í eyjuna. Mikið blóð undir iljum hins látna sýni að atburðarásin hafi tekið nokkra stund og hann hafi stigið í blóð á gólfinu áður en hann hneig niður.
- 53 Loftlaus jógabolti hafi verið við sófa í stofunni. Ekkert blóð hafi verið þar í kring. Boltinn hljóti að hafa verið í eldhúsinu og verið færður að sófanum, engin önnur skýring sé á öllu því blóði sem verið hafi á boltanum úr báðum aðilum.
- 54 *Sérfræðingur í tæknideild RLS með lögreglunúmer Q* staðfesti skýrslu sína um blóðgreiningu sýna sem tekin voru við rannsókn málsins. Blóðslettur í glugga og blóð í rifu á stólbaki hafi bara verið með DNA úr ákærða. Langflest önnur sýni hafi innihaldið blóð úr báðum aðilum, sem sýni að þeim hafi báðum verið byrjað að blæða.

- 55 Á jógaboltanum hafi verið blóðkám á nánast öllu yfirborðinu. Þrjú göt hafi verið ofarlega á boltanum, þar af eitt eins og stungufar, en hin tvö förin eins og boltinn hefði verið skorinn. Síðan hafi verið tvö göt neðarlega á boltanum sem hafi verið eins og stungugatið ofarlega á boltanum. Ekkert blóð hafi fundist í götunum neðarlega á boltanum. Blóðkám hafi hins vegar fundist á innra byrði gatsins ofarlega á boltanum og hafi það reynst innihalda DNA úr báðum aðilum. Útilokað sé að blóðið hafi borist innan á gatið við það að boltinn hafi rúllað eftir gólfinu. Blóðið hafi komið við það að blóðugum hnífi hafi verið stungið í boltann og blóðkám orðið eftir innan á er hann var dreginn út aftur.
- 56 *Vitnið H, réttarlæknir með læknanúmer [...],* staðfesti aðkomu sína að mati á niðurstöðum réttarlæknisskoðunar á hinum látna. Kvað hún stefnu sáranna á vinstri síðu hafa verið áþekka, en hún hafi ekki verið alveg sú sama. Sárin hafi komið ofan frá og inn, innan við til miðju. Sárgangarnir hafi verið áþekkir. Tveir kraftatburðir hafi valdið þeim, en stutt hafi verið á milli þeirra í tíma. Sagði vitnið þá „*hafa komið í einhverju tempói.*“ Hreyfing hafi orðið á meðan stungurnar hafi átt sér stað. Sérstaklega hafi sárið sem lá í gegnum mjaðmarslagæðina verið mjög djúpt. Mjög ólíklegt sé að eggáhold rekist svo djúpt fyrir slysi á svo áþekkan máta í tvö skipti.
- 57 Mjaðmarslagæðin sé stór slagæð sem liggja niður í ganglim. Í kviðarhol hins látna hafi blætt 650 ml af blóði. Að mati vitnisins gætu hafa liðið einhverjar mínútur áður en hann hafi farið í lost. Hann hafi mögulega getað haldið áfram átökum af afli þangað til hann hafi lyppast niður. Hátt hrygluhljóð gæti tengst því þegar lostið kemur, en erfitt sé að segja nokkuð um það.
- 58 *Vitnið R, sjúkraflutningamaður,* kvaðst hafa komið á vettvang þegar aðeins hafi verið liðið á endurlífgunartilraunir á hinum látna. Hann hafi sótt sjúkrabörur og þá tekið eftir að jógabolti hafi legið á gólfinu í stofunni, þar sem sjúkraflutningamenn hafi ætlað að koma börunum fyrir. Þeir hafi ekki verið búnir að flytja A þangað þá. Boltinn hafi verið sprunginn á gólfinu. Ekkert blóð hafi verið í kringum boltann eftir því sem hann muni.
- 59 *Vitnið lögreglumaður nr. S* staðfesti fingrafararannsókn á hnífnum. Kvað hann einungis eitt fingrafar á hnífnum hafa verið samanburðarhæft, það hafi verið fingrafar efst á skefti hnífsins við blaðið.
- 60 *Vitnið sérfræðingur lögreglu nr. T,* staðfesti rannsókn á fatnaði ákærða. Kvað hún blett aftan á hægri rasskinn á nærbuxum ákærða passa við blett á gallabuxum ákærða, sem samræmist því sem kallist „heavy transfer“ þegar eitthvað blóðugt þrýstist upp við efnið.
- 61 *Vitnið D, réttarmeinafræðingur* staðfesti skýrslur sínar um rannsókn á hinum látna og ákærða og lýsti niðurstöðum þeirra. Blóðtap frá mjaðmarslagæð hafi verið dánarorsökin. Á vinstri síðu hafi verið tvö sár, afskaplega svipuð að öllu leyti, nema þau hafi hafnað sitt hvoru megin við mjaðmarkambinn. Sárin hafi gengið 10 – 12 cm hið minnsta inn í líkamann. Þau hafi legið fram, niður og aðeins inn á við. Líkaminn sé mjög hreyfanlegur í stypingum og erfitt að segja til um hvort stungið hafi verið frá hlið, aftan við, framan við eða jafnvel hægra megin við hinn látna út frá legu sáranna einni saman. Stefna hnífsins hafi verið niður og inn á við. Það hve sárin séu áþekk bendi til að mjög skammur tími hafi liðið á milli stungnanna. Áverkarnir beri ekki einkenni sjálfsáverka, þó tæknilega sé hægt að framkvæma slíkar stungur sjálfur.
- 62 Stungurnar beri með sér að eitthvað markvisst hafi verið á bak við þær. Ekki sé hægt að útiloka að slíkt geti gerst ef menn berjist um hníf, en ekkert bendi til að hnífurinn hafi stungist í hinn látna sem hluti af slíkri atburðarás. Endurgerðin á árásinni hafi ekki skýrt hvernig hnífurinn hafi hafnað í líkama hins látna. Það hafi verið eyða í frásögn ákærða hvað það varðaði. Áverkamyndin sé í raun nokkuð einföld og réttarlæknarnir gangi út frá því við mat sitt á tilurð áverkanna.
- 63 Aðspurður kvað vitnið útilokað að stungusárin á síðu hins látna hafi komið til við það að ákærði hafi hrint honum kröftuglega frá sér eftir að hinn látni hafi stungið hann. Þá væri langsótt út frá útliti sáranna að hnífurinn hafi stungist í síðu hins látna við það að ákærði hafi þrýst á hendi hans sér til varnar. Um tvær djúpar stungur væri að ræða. Sárgöngin hafi jafnframt stefnt inn í líkamann hliðlægt frá, niður og fram á við. Tæknilega væri mögulegt að A hafi haldið um hnífinn þegar hann hafi stungist í síðuna, en til þess hefði hann þurft að vinda upp á hægri hendi sína og beina hnífnum hliðlægt að vinstri síðu sinni, niður og fram á við í átt að nafla á sama tíma og ákærði hefði þrýst hendi hans í sömu stefnu og sárgöngin. Það hefði þá þurft að gerast tvisvar með þessum kúnstuga hætti.

- 64 Vitnið kvað áverka á þumli hins látna vera frekar einfaldan áverka sem geti samræmst því að hann hafi verið að verjast, en gæti einnig hafa orsakast við það að hann hafi skorið sig fyrir slysi í átökum. Áverkinn sé ekki dæmigerður fyrir varnaráverka.
- 65 Form sáranna á síðu hins látna beri með sér að hreyfing hafi orðið á líkama hans þegar hann hafi fengið stungurnar. Það bendi til að átök eða mótspyrna hafi átt sér stað þegar hann hlaut stungurnar. Sjálfsáverkar séu stýrðari í eðli sínu.
- 66 Aðspurður kvað vitnið mjaðmarslagæðina vera frekar grófa æð sem blæði vel. Hafi hinn látni verið standandi þá séu líkur til að hann hafi misst meðvitund á nokkrum mínútum, en erfitt sé að segja nákvæmlega til um það. Ekki sé ótrúlegt að hann hefði getað haldið átökum áfram í mínútu eða tvær eftir að hann hlaut stungusárin.
- 67 Kvað vitnið áverka á höndum ákærða vera dæmigerða varnaráverka. Stungusár í andliti og vinstra læri hafi ekki verið lífshættulegir áverkar.

Skýrslur F fyrir lögreglu

- 68 Við aðalmeðferð málsins voru spilaðar upptökur af skýrslum F, fyrir lögreglu, en vitnið lést áður en til aðalmeðferðar málsins kom. Í framburði vitnisins fyrir lögreglu 5. október 2022 kom fram að henni virtist hún hafa verið viðstödd alla atburðarásina, a.m.k. hafi hún ekki farið inn svefnherbergisganginn og hringt í Neyðarlínuna á meðan átökin voru í eldhúsinu, heldur eftir að þau voru yfirstaðin. Kvað hún A hafa ráðist á ákærða og hún reynt að stífa þeim í sundur. Hún hafi staðið við hliðina á þeim þegar ákærði hafi sagt A vera með hníf og sagt henni að hringja í Neyðarlínuna. Kvaðst hún hafa verið í uppnámi „að reyna að redda öllu, reyna að finna símann minn.“ Hún hafi séð þetta gerast og verið í taugaáfalli. Fyrst hafi hún ætlað að hlúa að ákærða, en svo séð A liggjandi og farið að hlúa að honum.
- 69 Í skýrslu F hjá lögreglu, 7. október 2022, lýsti hún atvikum svo að A hafi ráðist að ákærða sem hafi verið sitjandi. Þeir hafi lent í áflogum og hún reynt að stífa þeim í sundur. Ákærði hafi svo sagt að A væri með hníf og sagt henni að hringja á Neyðarlínuna. Sjálf hafi hún ekki séð hnífinn. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa tekið eftir jógaboltanum. Hún muni ekki eftir að bolti hafi verið þarna á milli. Hún hafi verið í sjokki, séð allt í blóði og bara verið að huga að mönnum. Allt hafi verið í „einhverju kaosi“, ákærði að skriða fram og svo hafi hún séð A sitja við vegginn undir eldhúsglugganum. Þá hafi hún hringt í Neyðarlínuna. Kvaðst hún ekki hafa séð hver stakk í stólinn. Þeir hafi bara verið ofan á hvor öðrum. Þegar X hafi farið frá hafi hún bara séð A sitja við vegginn. Eftir það hafi hún farið að reyna að finna símann og hringja. Hún hafi ekki séð neinn stinga neinn, bara heyrt ákærða öskra „hann er með hníf!“ Kvaðst hún ekki muna eftir að ákærði hafi verið með sólgleraugu sem hann hafi hent til A. Eftir átökin hafi hún öskrað á G og vakið hana.

Forsendur og niðurstaða

- 70 Ákærða er gefið að sök manndráp með því að hafa stungið A tvisvar sinnum í vinstri síðu með hnífi, með þeim afleiðingum að ytri mjaðmarslagæð fór í sundur og olli umfangsmiklu blóðtapi sem leiddi til dauða A. Ákærði neitar sök og ber fyrir sig neyðarvörn. Með afdráttarlausri niðurstöðu krufningar er sannað að dánarorsök var blæðing frá mjaðmarslagæð eftir hnífsstungu í síðu hins látna.
- 71 Um aðdraganda atburða umrætt kvöld hefur verið upplýst í málinu að stigvaxandi ósætti virðist hafa verið á milli ákærða og A mánuðina á undan. Ákærði kannaðist við það fyrir dómi að hafa lent í átökum við A í ágúst 2022, þó hann hafi gert lítið úr því. Í skilaboðum til félaga síns 22. ágúst 2022 kvaðst ákærði hafa ráðist á A. Samkvæmt gögnum úr síma A og vætti E fyrir dómi sagði hann ákærða hafa ráðist á sig sofandi uppi í rúmi um Verslunarmannahelgina og að hann ætti von á að slíkt gæti gerst aftur. Kvað ákærði fyrir dómi A „funkera“ illa þegar hann væri nálægur, þar sem hann tæki ekki í mál að hann legði hendur á F. Með framangreinda forsögu í huga virðist hafa legið í loftinu að til átaka gæti komið á milli manna og þeir báðir verið meðvitaðir um það. Gögn málsins þykja hins vegar ekki sérstaklega benda til þess að annar hvor þeirra hafi fyrirfram haft átök í hyggju áður en upp úr sauð, þó að sú staðreynd að A virðist hafa komið með hníf á vettvang sýni að hann hafi í það minnsta verið reiðubúinn að ógna ákærða með honum.
- 72 Eftirfarandi orð ákærða við vinkonu sína skömmu fyrir atburðinn „Ég er alveg við það að myrða þennan hobbita“ verða ekki túlkuð á þann veg að ákærði hafi verið búinn að velta því fyrir sér að bana A áður en

til átaka þeirra kom, heldur verður fallist á þá skýringu ákærða að hann hafi tekið sterkt til orða þarna. Engu að síður eru orðin til marks um reiði ákærða og óþol í garð A í aðdraganda átakanna. Ber að hafa það í huga við mat á atvikum.

- 73 Ákærði er einn til frásagnar um átök hans við A. Af framburði L, sem getið er í málsgrein 42 að framan, verður ekki annað og meira ráðið en að F hafi ályktað að ákærði hafi stungið A. Sjálf sagðist hún ekki hafa séð hnífi beitt í átökunum. Að nokkru leyti þykir unnt að líta til framburðar F fyrir lögreglu, þrátt fyrir að hann hafi verið óskýr um hvað hún hafi séð af atburðarásinni og borið þess merki að hún hafi verið undir miklum ölvunarhrifum. Að því marki sem framburður hennar styður frásögn ákærða verður litið til hans, en ósennilegt þykir að þau hafi samræmt framburð sinn.
- 74 Frásögn ákærða, um að átökin hafi hafist með þeim hætti að hann hafi kastað sólgleraugum í átt að A, sem hafi þá ráðist að honum með hnífi þar sem hann sat við eldhúsborð íbúðarinnar, fær stuðning af framburði F, sem lýsti atvikum svo að A hafi ráðist að ákærða og ákærði hafi kallað að hann væri með hníf. Einnig liggur fyrir að hnífurinn var úr eldhúshnífasetti úr íbúð hins látna. Blóðsýni sem aflað var á vettvangi styður enn fremur þá frásögn ákærða að A hafi fyrst beitt hnífnum gegn ákærða, en í blóðsýni úr rifu á stólbaki greindist einungis blóð úr ákærða. Verður frásögn ákærða lögð til grundvallar um upptök átakanna þar sem hann hafi hlotið stungusár í kinn og framanvert læri.
- 75 Við lögbundið mat á trúverðugleika framburðar ákærða verður meðal annars að líta til innra samræmis með því að taka til skoðunar frásögn hans á fyrri stigum og bera saman við framburð hans fyrir dómi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 8/2023. Í gögnum málsins er að finna 5 upptökur þar sem ákærði hefur tjáð sig um málsatvik. Í samtali ákærða við starfsmann Neyðarlínunnar, í símtali sem G hringdi til að kalla eftir aðstoð í kjölfar átaka A og ákærða, lýsti ákærði áverkum sínum og að hann hafi verið stunginn. Aðspurður um orð G þess efnis að annar maður væri meðvitundarlaus, svaraði ákærði því til að það væri maður meðvitundarlaus inni í eldhúsi. Aðspurður hvað hafi komið fyrir manninn svaraði ákærði: „*sko hann þessi ... það náttúrulega með hnífinn að reyna að stinga mig áfram og bara ... Já hnífurinn hérna ... ég var að reyna að ná hnífnum af honum ... Bara hnífurinn var þarna á bara á milli okkar einhvern veginn.*“ Aðspurður hvort [A] hafi verið stunginn líka svaraði ákærði: „*Já ég held að hann hafi fengið hann einhvern veginn í brjóstið eða eitthvað þegar hann varð á milli okkar skilurðu, hnífurinn, ég var að reyna að ná ... Já ég sá ekki ... ég sá samt ... ég sá hann ekki ... Ég sá hann ekki stingast sko.*“
- 76 Er lögregla var komin á vettvang aðfararnótt [...] 2022 og búíð var að gera að sárum ákærða var honum gerð grein fyrir réttarstöðu sinni sem grunaðs manns, en þó láðist að geta þess að hann ætti rétt á að hafa samband við verjanda. Þykir það ekki standa í vegi þess að litið verði til frásagnar ákærða við mat á innra samræmi, en frásögn hans var yfirveguð og greinargóð. Í framburði ákærða, sem upptaka liggur af í gögnum málsins, talar ákærði um að A hafi rokið að honum með hníf í hendi en ákærði hafi rétt náð að standa upp og þá hafi A verið kominn aftan að honum og „*Svo stakk hann mig bara í lærið og ég rétt náði að draga löppina frá og reyndi að grípa þá í blaðið en náði því ekki, þá stakk hann mig í smettið og hvort ég hafi þá náð að grípa í blaðið og hnífurinn fór þá á milli okkar einhvern veginn og við vorum þarna einhvern veginn að glíma bara og duttum svona á gluggasýlluna einhvern veginn.*“ Ákærði hafi snúið nokkurn veginn baki í A og náð að klemma hendi hans undir handarkrika sinn og reynt að ná af honum hnífnum. A hafi síðan hniðið niður og ákærði dottið frá honum og skriðið í burtu.
- 77 Í framburði hjá lögreglu 5. október 2022 breyttist framburðurinn á þann veg að A hafi fyrst stungið ákærða í andlitið. Hann hafi þá ekki verið búinn að ná að standa upp. Ákærði hafi gripið í hönd A og ýtt honum frá sér út í horn við eldhúsið. Hann hafi dottið á A sem hafi þá stungið hann í lærið. Ákærði hafi þá öskrað „*þú varst að stinga mig í lærið*“ og öskrað á F að hringja á sjúkrabíl. Hann hafi náð að grípa þá í hnífsblaðið „*en hann náði held ég að hrifsa hnífinn til baka þá og ... við vorum þarna í horninu að eitthvað að hnoðast sko og ég var bara að reyna að ná taki á hnífnum. Og svo þarna fljótlega náði ég honum þarna undir [handarkrikann].* A hafi áfram haldið um skeftið. „*Já það var bara eins og ég segi, það var aðalmarkmiðið mitt var einhvern veginn að reyna að afvopna hann og öskra á F að hringja á Neyðarlínuna eða sjúkrabíl, hún var bara þarna í áfalli og er eitthvað að reyna að berja frá mér með hinni.*“ A hafi þá verið fyrir aftan ákærða eiginlega allan tímann og síðan misst máttinn „*og þá dett ég framfyrir mig ... af því að ég ... önnur*

- löppin var náttúrulega alveg máttlaus hjá mér og þá dett ég alveg svona vel fram á gólfíð og byrja bara að skríða á fullu bara í burtu.“ ... „Já um leið og ég er kominn fyrir hornið þá hendi ég hnífnum frá mér“*
- 78 Í framburði hjá lögreglu 6. október 2022 lýsti ákærði atvikum nokkurn veginn á sama veg og daginn áður, en bætti því við að þeir hafi staðið á móti hvorum öðrum þegar hann hafi reynt að grípa í hnífinn og þeir verið að „hnoðast þarna eitthvað“ og A hafi endað úti í horni og ákærði fljótlega náð hnífnum undir handarkrikann á sér. Hann hafi einungis verið með tak á blaðinu og reynt að beygja það og slá til A með hinni hendinni. A hafi verið að reyna að toga hnífinn til baka og reynt með hinni hendinni að rykkja í ákærða og kýla en síðan allt í einu misst máttinn „og þá dett ég fram á gólfíð ...“, „Já. Fram fyrir mig...Því að ég gat illa staðið í lappirnar sko og með hnífinn í höndinni og næ þá taki almennilega á honum og byrja bara að skríða hérna fram ... já í burtu.“ Nánar aðspurður: „þú dettur þarna framfyrir þig og þá ertu með hnífinn...“ svarar ákærði: „Já“ og spurður í framhaldi „Og þú skríður hérna fyrir hornið og þú talaðir um að þú hefðir sett hnífinn einhversstaðar“ svarar ákærði: „Já ég hendi honum eitthvert frá mér“.
- 79 Þegar ákærða voru kynntir áverkarnir á A og þeir bornir undir hann svaraði hann: „Eina sem að ég get ímyndað mér er að þetta hafi einhvern veginn gerst í látunum að að þú veist hnífurinn hafi einhvern veginn farið í hann þegar ég er að reyna að ná honum af honum og eins og ég segi ég var að reyna að beygla hann og snúa en ég hélt allan tímann í blaðið að hérna, þá finnst mér þetta vera ro... hvað var blaðið eiginlega langt?“
- 80 Í framburði fyrir lögreglu 8. nóvember 2022 lýsti ákærði upphafi átakanna á svipaðan veg, en bætti við að hann teldi „að hann hafi ætlað bara að miða á hálsinn á mér sko, upprunalega... þetta var kannski ekki úthugsað hjá honum.“... „ég hef nú aldrei verið hræddur við A, en þarna var ég alveg smeykur, einhvern veginn, vissi e.. að það voru einhver átök að fara í gang“ ... „Þess vegna einhvern veginn bjó ég mig undir að fá, af því að ég sat náttúrulega bara ennþá þegar að ...“ ... „ég hrinti honum bara af öllu afli frá mér.“ Sagði ákærði A hafa hafnað á innréttingunni, en ekki gluggasýllunni eins og í fyrri yfirheyrslu. Ákærði hafi síðan staðið upp og ætlað að slást við A, sem hafi þá náð að stinga hann í lærið og eftir það hafi ákærði náð taki á hnífnum þegar A hafi verið að draga hann til baka. Lýsti ákærði síðan atburðarásinni eftir það á sama hátt og áður, að öðru leyti en því að hnífurinn hafi dottið um einn metra fram fyrir ákærða eftir að A varð máttlaus og ákærði féll fram fyrir sig.
- 81 Í stórum dráttum hefur framburður ákærða verið stöðugur. Þó eru nokkur atriði sem hafa tekið breytingum. Í frásögn sinni gagnvart lögreglu á vettvangi [...] 2022 kvaðst ákærði hafa verið staðinn upp er hann var stunginn fyrra sinni, en ekki sitjandi eins og í framburði sínum fyrir dómi og síðari framburðum fyrir lögreglu. Þá kom skýrt fram í máli ákærða að fyrri stungan hafi komið í lærið, en fyrir dómi kvað hann fyrri stunguna hafa verið í kinnina þegar hann var enn sitjandi. Í framburði hans á vettvangi gat hann heldur hvorki um að hafa hrint A frá sér eftir fyrri stunguna né heldur að hafa hrasað á hann eftir síðari stunguna, heldur einungis að hann hafi reynt að ná taki á hnífnum. Í framburði 5. október 2022 lýsti hann upphafinu hins vegar svo að eftir fyrri stunguna hafi hann gripið í hönd A, ýtt honum frá sér út í horn við eldhúsið og „Dett svona á hann og þá stingur hann mig í lærið“. Í framburði sínum fyrir lögreglu 8. nóvember 2022, en þá var lögregla búin að kynna honum gögn um áverka á A, skýrði hann svo frá að hann hafi hrint A frá sér af öllu afli eftir fyrri stunguna, en ákærði hafi þá enn verið sitjandi. Ákærði hafi síðan staðið upp og ætlað að slást við A, sem hafi þá náð að stinga hann í lærið og ákærði þá náð taki á hnífnum þegar A hafi verið að draga hann til baka. Fyrir dómi skýrði hann frá þessum hluta atburðarásarinnar á sama veg og í síðustu skýrslugjöf hjá lögreglu, að öðru leyti en því að hann hafi verið að standa upp þegar A hafi stungið hann í lærið. Ákærði hafi þá einhvern veginn náð að grípa í hnífinn, en hafi misst máttinn í fætinum um leið og dottið á A sem hafi verið með bakið upp við eyju í eldhúsinu. Að mati dómsins draga þessar breytingar á framburði ákærða úr trúverðugleika hans og þykja bera þess merki að hann leitist við að skjóta stoðum undir þá skýringu sína á áverkum A að hnífurinn hafi einhvern veginn stungist tvisvar sinnum í síðu hans fyrir slysi.
- 82 Framburður ákærða hefur einnig tekið breytingum um það hvort hann hafi haldið á hnífnum þegar A missti meðvitund eða hnífurinn kastast fram á gólfíð eins og ákærði bar um fyrir dómi. Í framburði sínum fyrir lögreglu 5. október 2022 skýrði ákærði svo frá að hann hafi dottið fram fyrir sig „af því að ég ... önnur löppin var náttúrulega alveg máttlaus hjá mér og þá dett ég alveg svona vel fram á gólfíð og byrja bara

að skriða á fullu bara í burtu.“ ... „Já um leið og ég er kominn fyrir hornið þá hendi ég hnífnum frá mér“. Í skýrslu sinni fyrir lögreglu 6. október 2022 kvaðst hann hafa dottið fram fyrir sig „Því að ég gat illa staðið í lappirnar sko og með hnífinn í höndinni og næ þá taki almennilega á honum og byrja bara að skriða hérna fram ... já í burtu.“ Nánar aðspurður: „Þú dettur þarna fram fyrir þig og þá ertu með hnífinn...“ svarar ákærði: „Já“ Í skýrslu sinni fyrir lögreglu 8. nóvember 2022 bar hann hins vegar líkt og fyrir dómi að hnífurinn hafi kastast fram fyrir hann þegar A hneig niður. Þykir framburður ákærða fyrir lögreglu 5. og 6. október 2022 ótvírætt verða skilinn á þann veg að hann hafi þá haft hnífinn í hendi, þó hann hafi hafnað því fyrir dómi að það hafi verið merking orðanna. Þykir breyttur framburður hans hvað þetta varðar vera ótrúverðugur og bera vott um viðleitni til að draga úr sök.

- 83 Loks má nefna að í skýrslu sinni fyrir dómi gaf ákærði til kynna að honum hafi ekki verið ljóst að A hafi verið stunginn fyrr en daginn eftir atburðinn. Af samtali ákærða við Neyðarlínuna á vettvangi er hins vegar ljóst að honum var þá þegar kunnugt að A væri með stungusár.
- 84 Sú skýring ákærða, að hnífurinn hafi í beinu framhaldi af því að A réðst á hann stungist fyrir slysnitvívégis djúpt í síðu A, fyrst þegar ákærði hafi hrint honum frá sér og síðan þegar hann hafi reynt að standa upp og fallið á A, samræmist ekki áverkunum eins og D réttarlæknir bar afdráttarlaust um fyrir dómi, sbr. málsgrein 63 að framan. Voru réttarlæknarnir sammála um að þessi skýring ákærða stæðist ekki miðað við niðurstöður réttarlæknisfræðilegrar rannsóknar á hinum látna.
- 85 Varnaráverkar á hægri hendi ákærða styðja þann framburð að hann hafi náð taki á hnífsblaðinu eftir að A stakk hann í framanvert lærið. Sú frásögn að hann hafi haldið um hnífsblaðið allan tímann eftir það, náð að snúa baki í A, þrýsta honum upp að eldhúsinnréttingunni og halda hægri hendi hans klemmdri í hægri handarkrika sínum og haldið þannig um hnífsblaðið þar til hann hafi hnigið niður, en ekki náð hnífnum af A þannig að hann gæti beitt honum, skýrir hins vegar heldur ekki hvernig A hafi hlotið stungurnar í síðuna.
- 86 Blóðkám á eldhúsinnréttingu, með auðu svæði á milli, styður framburð ákærða um að A hafi staðið með bakið upp við eldhúseyjuna og ákærði staðið þar þétt upp við hann og snúið baki í hann. Blóðblettir á buxum og nærbuxum ákærða styðja þetta einnig og jafnframt að A hafi á þessu tímamarki verið kominn með stungusárin í síðuna. Blóðmagn á gólfinu á þessum stað og sú staðreynd að A fannst meðvitundarlaus í horni gluggaveggjar og eldhúsinnréttingar styður framburð ákærða um að átökunum hafi lokið þarna með þeim hætti að A hafi hnigið þar niður. Framburður F styður frásögn ákærða um að eftir átökin hafi hann skriðið úr eldhúsinu og inn svefnherbergisganginn þar sem hann hafi fengið aðstoð við að binda um sár á læri.
- 87 Þrátt fyrir að hluti framburðar ákærða fái stuðning af öðrum gögnum málsins, þá er hann ótrúverðugur um þann hluta sem mestu varðar. Ákærði hefur enga rökrétta skýringu gefið á tilkomu áverka hins látna. Er augljóst að í frásögn ákærða vantar þann hluta þegar A hlaut stungurnar. Í frásögn hans vantar einnig þann hluta þegar jógaboltinn kom við sögu, en ákærði hefur engar skýringar gefið á því hvernig fimm stungu- og skurðför séu til komin á boltanum. Af rannsókn blóðsýnis innan úr boltanum er ljóst að hann var stunginn eftir að báðum aðilum átakanna blæddi. Ennfremur að hann hafi rúllað um í blóði á gólfinu áður en hann varð loftlaus. Er ekkert fram komið í málinu sem hnekkir því mati réttarlæknanna að áverkarnir séu til komnir fyrir ásetningsverk. Að mati dómsins er hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi stungið A tvívégis af ásetningi í síðuna með þeim afleiðingum að hann hlaut bana af. Gat ákærða ekki dulist að bani kynni að hljóta af tveimur djúpum hnífsstungum inn í líkama hans, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 685/2020 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 31/2007.
- 88 Ákærði hefur borið við neyðarvörn í málinu, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu er það verk refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögum árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu auglýsilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til. Dómurinn hefur þegar fallist á frásögn ákærða um að A hafi í upphafi átakanna ráðist að honum með hnífi. Fyrir liggur að ákærði hlaut stungu í framanvert vinstra læri og vinstri kinn. Stungufar í stólbaki styður að A hafi lagt til ákærða þriðja sinni. Þá var ákærði með augljósa varnaráverka á höndum. Verður fallist á að á þessu tímamarki hafi ákærði sætt ólögum árás með hættulegu vopni sem honum var

nauðsynlegt að verjast eða afstýra. Ákærði lýsti því fyrir dómi að neyðarvörn hans hafi falist í því að hrinda A frá sér, grípa um hnífblaðið og halda hendi hans klemmdri þar til hann missti takið á hnífnum. Dómurinn hefur hafnað því að þessi frásögn ákærða fái staðist. Ákærði hefur ekki veitt aðrar upplýsingar um framvindu atakanna sem skýra áverkana á A og þar með hvernig meintri neyðarvörn ákærða hafi í raun verið háttað. Að mati dómsins bera gögn málsins hins vegar með sér að ákærði hafi náð hnífnum af A. Er þá einkum litið til dýptar og stefnu stunguáverkanna sem A hlaut, þess að skýringar ákærða á hvernig þeir komu til ganga ekki upp, og þess að þögn ákærða um jógaboltann, sem stungu- og skurðför gefa til kynna að hafi verið notaður til varnar í átökunum, bendir til þess að A hafi haldið á boltanum sér til varnar eftir að ákærði náði hnífnum. Ákærði hefur sjálfur borið að hann hafi náð taki á hnífnum strax eftir aðra stungu A og haldið þar til yfir lauk, en miðað við þá frásögn ákærða getur A ekki hafa stungið jógaboltann. Þá fannst hnífurinn í blómapottinum þar sem ákærði kom honum fyrir eftir átökin. Gögn málsins benda samkvæmt framansögðu til þess að leikar hafi snúið við og ákærði haldið um hnífinn og beitt honum gegn óvopnuðum manni. Má hafa hér einnig í huga, þó fallist sé á með verjanda að það skipti ekki sköpum, að ætla verður að nokkur aflsmunur hafi verið á aðilum, ákærða í hag þó ekki liggi fyrir í málinu upplýsingar um þyngd ákærða á verknaðarstundu, en samkvæmt orðum verjanda fyrir dómi taldi hann ákærða hafa verið um 15 – 20 kg þyngri og 10 cm hærri en A. Liggur ekkert fyrir um að á því tímamarki er hann framdi þann stórhættulega verknað að stinga A tvívegis í síðuna og veitti honum banvænan áverka hafi aðstæður verið með þeim hætti að verknaðurinn hafi verið honum nauðsynlegur til þess að verjast lífshættulegri árás. Ákærði ber sönnunarbyrðina fyrir því að aðstæður hafi þá verið með þeim hætti að um neyðarvörn hafi verið að ræða, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 233/2014 og dóm Landsréttar í máli nr. 164/2022. Að mati dómsins hefur ákærði ekki sýnt fram á að svo hafi verið í máli þessu.

- 89 Ákærði hefur í annan stað borið því við að verk hans sé refsilaust með vísan til 2. mgr. 12. gr. hgl. Í ákvæðinu segir að hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skuli honum ekki refsað.
- 90 Með vísan til þess að ákærði hefur ekki sýnt fram á að á því tímamarki atburðarásarinnar þegar hann stakk hinn látna tvívegis í síðuna hafi aðstæður verið með þeim hætti að um neyðarvörn hafi verið að ræða, verður ekki fallist á að ákærði geti borið fyrir sig að hann hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar. Þá er heldur ekkert fram komið um að ákærði hafi verið svo skelfdur eða forviða er hann beitti hnífnum gegn hinum látna, að hann hafi ekki getað fullkomlega gætt sín. Hvorki í framburði sínum fyrir dómi né fyrir lögreglu vék ákærði einu orði að því að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða í átökunum að honum hafi ekki verið sjálfrátt. Þvert á móti lýsti hann atvikum svo að hann hafi einungis haft hugann við að afvopna hinn látna. Vörn hans í átökunum hafi takmarkast við það. Þá bera orð ákærða við hinn látna „*Varstu að stinga mig þarna helvítið þitt!*“ fremur vott um reiði af hálfu ákærða, en skelfingu. Framburður ákærða og F um orðaskipti hans við hinn látna eftir að honum varð ljóst að hann væri með hníf, fyrirmæli hans til F um að hringja í Neyðarlínuna, yfirvegað yfirbragð hans í samtali við Neyðarlínuna og hve rólegur hann var á vettvangi er viðbragðsaðilar voru komnir þangað ber heldur ekki með sér að hugarástand ákærða á verknaðarstundu hafi verið með þeim hætti að ákvæði 2. mgr. 12. gr. hgl. eigi við. Vísast í þessu sambandi til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 674/2009 og 217/1976.
- 91 Samkvæmt öllu framansögðu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem í ákæru greinir og er þar réttilega heimfærð til 211. gr. hgl.

II. Ákæra lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 15. september 2023

Málsatvik, rannsókn og sönnunarfærsla

- 92 Samkvæmt málsgögnum þekktist ákærði á mynd úr hraðamyndavél í [...] þar sem hann ók bifreið E, með númerið [...], mánudaginn 8. ágúst 2022, sviptur ökurétti á allt að 85 kílómetra hraða á klukkustund að teknu tilliti til vikmarka, en í göngunum er leyfilegur hámarkshraði 70 kílómetrar á klukkustund.
- 93 Ákærði kvaðst aðspurður fyrir dómi aldrei hafa keyrt bifreið E. Ákærði neitaði að mynd af öikumanni bifreiðarinnar í umrætt sinn væri af honum sjálfum. Hann kannaðist við að hafa verið á [...] á umræddum tíma.

- 94 Vitnið E kvaðst hafa verið hjá félagamönnum U á [...] í umrætt sinn. Ákærði hafi fengið bifreið vitnisins lánaða og verið síðan tekinn af lögreglu á [...]. Hann hafi ekki verið undir stýri þá, en hafi skilið bifreiðina þar eftir. Vitnið hafi fengið senda mynd af ákærða undir stýri á bifreiðinni ásamt sektarboði. Vitnið hafi ekki verið búinn að láta lögreglu vita að X hafi verið á bifreiðinni. Kvað vitnið X einnig hafa ekið bifreiðinni [...] og vitnið hafi þá setið aftur í.

Forsendur og niðurstaða

- 95 Með vætti E og ljósmynd úr eftirlitsmyndavél lögreglu sem dómurinn telur hafið yfir vafa að sé af ákærða telst sannað gegn neitun ákærða að hann hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Verður ákærði í samræmi við það sakfelldur fyrir brot það sem honum er gefið að sök í ákæru og er þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

B. Ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar

- 96 Ákærði er [...] ára gamall. Samkvæmt sakavottorði hefur hann hlotið 6 refsídóma og gengist undir 2 sektargerðir frá árinu 2011. Þann [...] 2020 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði, þar af 3 mánuði skilorðsbundið í 2 ár, fyrir þjófnað, nytjastuld og akstur sviptur ökurétti. Þann [...] 2020 var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir ýmis sérrefsilagabrot og rangar sakargiftir. Þá var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og vörslur fíkniefna með dómi Héraðsdóms [...] 2021. Þann 15. mars 2022 var honum veitt reynslulausn á 220 daga eftirstöðvum þriggja síðastgreindra dóma. Þá hefur ákærði tvisvar hlotið refsingu fyrir akstur sviptur ökurétti, [...] 2020 og [...] 2020, en í síðara sinni var um hegningarauka að ræða við fyrrgreinda dóminn. Refsing fyrir brot það sem ákærði er sakfelldur fyrir samkvæmt ákæru dagsettri 24. ágúst 2023 skal að lágmarki nema fimm ára fangelsi. Háttsemi ákærða var stórhættuleg, beindist að lífi og heilsu brotþola og olli honum bana. Ákærði hefur ekki sýnt nein merki iðrunar í málinu. Við ákvörðun refsingar er horft til ákvæða 1., 2., 3. og 8. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með því að ákærði hefur ekki skýrt rétt frá framvindu átakanna og upplýst hvernig aðstæður hafi verið á því tímamarki er hann beitti hnífnum gegn brotþola þykir ekki unnt að líta svo á að forsendur séu til að beita 1. tl. 1. mgr. 74. gr. laganna við ákvörðun refsingar. Hins vegar liggur fyrir að ákærði sætti ólögmati og hættulegri árás af hálfu brotþola áður en hann framdi brot sitt og þykir mega líta til þess að verkið hafi verið framið í mikilli reiði eða geðæsingu af þeim sökum, sbr. 4. tl. 1. mgr. 74. gr. laganna, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 217/1976, þrátt fyrir að efni þyki ekki til að færa refsingu niður úr lögbundnu lágmarki.
- 97 Með brotum þeim sem ákærði er sakfelldur fyrir samkvæmt ákæru dagsettri 15. september 2023, hefur hann auk hraðaksturs, gerst sekur um ítrekun aksturs sviptur ökuréttindum.
- 98 Eins og áður greinir var ákærða veitt reynslulausn 15. mars sl., skilorðsbundið í tvö ár, á 220 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt þremur refsídómum. Með brotum þeim sem hann er nú sakfelldur fyrir hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar og fer um ákvörðun refsingar samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga. Verða því fyrrgreindar eftirstöðvar dæmdar upp og refsing ákveðin í einu lagi. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af öllu framansögðu hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald sem hann sætti frá 3. október til 7. nóvember 2022.

C. Ákvörðun skaða- og miskabóta

- 99 Með vísan til dómsniðurstöðu eiga bótakrefjendur, sem eru ófjárráða börn hins látna, rétt á miskabótum úr hendi ákærða samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, sem þykja hæfilega ákveðnar 4.000.000 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði greinir, til hvors þeirra um sig með hliðsjón af dómaframkvæmd í sambærilegum málum. Vegna missis framfæranda verður ákærða ennfremur, með vísan til 12., sbr. 14. gr. skaðabotalaga, gert að greiða C skaðabætur að fjárhæð 6.580.941 krónur og B 4.407.497 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.
- 100 Lögmaður bótakrefjenda hefur ekki hlotið skipun réttargæslumanns í málinu, enda er heimild 1. mgr. 42. gr., sbr. 4. mgr. 41. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála til skipunar réttargæslumanns í málum sem varða andlát einstaklings, einskorðuð við fyrirsvarsmenn skv. 3. mgr. 39. gr. laganna, en ófjárráða börn

eru ekki þar á meðal, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 8/2023. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu bótakrefjenda um að þóknun lögmanns þeirra vegna meðferðar málsins fyrir dómi verði greidd úr ríkissjóði. Lögmaðurinn var engu að síður tilnefndur réttargæslumaður bótakrefjenda við rannsókn málsins þrátt fyrir að skilyrðum 4. mgr. 41. gr. laganna til þess hafi ekki verið fullnægt. Verður sá hluti þóknunar hans því felldur á ríkissjóð. Í málinu hefur ekki verið gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða málskostnað bótakrefjenda vegna aðstoðar lögmanns þeirra og eru því ekki skilyrði til að ákvarða þeim málskostnað úr hendi ákærða.

D. Ákvörðun sakarkostnaðar

- 101 Að kröfu ákærvaldsins og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærða gert að greiða sakarkostnað málsins, annan en hlaust af starfa réttargæslumanns bótakrefjenda á rannsóknarstigi, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar, lögmanns, sem með hliðsjón af efni og umfangi málsins eru ákveðin eins og í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum.
- 102 Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt Arnbjörgu Sigurðardóttur héraðsdómara og Þóru Steffensen réttarlækni.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 8 ár. Til frádráttar kemur gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 3. október til 7. nóvember 2022.

Ákærði greiði C 6.580.941 krónur í skaðabætur vegna missis framfæranda auk 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 2022 til 24. september 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess greiði ákærði C 4.000.000 króna í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. október 2022 til 24. september 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 4.407.497 krónur í skaðabætur vegna missis framfæranda auk 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 2022 til 24. september 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess greiði ákærði B 4.000.000 króna í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. október 2022 til 24. september 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 6.050.090 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 5.203.288 krónur og 183.076 króna ferðakostnað hans.

Þóknun tilnefnds réttargæslumanns bótakrefjenda á rannsóknarstigi, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, 572.508 krónur, greiðist úr ríkissjóði.